


Samstarf sveitarfélaga í þágu launajafnréttis

Starfsmat

Inga Rún Ólafsdóttir
Sviðsstjóri kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga

Sagan - virðismat starfa sveitarfélaga

- Á 6. og 7. áratug síðustu aldar voru lögð fyrstu drög að verðmætamati starfa hér á landi.
- Kjarasamningar samningsaðila á Akureyri hafa verið með ákvæðum um starfsmat allt frá árinu 1972.



Sagan - Starfsmatskerfið SAMSTARF

- Samið um starfsmatskerfið SAMSTARF í kjarasamingum árið 2001.
 - Launanefndar sveitarfélaga við bæjarstarfsmannafélög og staðbundin verkalýðsfélög (SGS).
 - Reykjavíkurborg við Starfsmannafélag Reykjavíkurborga, Eflingu - stéttarfélag og kjarafélag Tæknifræðingafélags Íslands.
- Starfsmatskerfi fengið frá Bretalandi. Kerfið var þróað í samstarfi sveitarfélaga og stéttarfélaga með aðkomu jafnréttisyfirvalda út frá leiðbeiningum ILO til að stuðla að kynhlutleysi kerfisins.
- Starfsmatskerfið var þýtt og staðfært og innleiðing þess hófst árið 2004.

Sagan – hvati til virðismats starfa

- Lagalegar kröfur um jöfn laun fyrir jafnverðmæt eða sambærileg störf.
- Dómafordæmi – Akureyrardómar.
- Alþjóðlegar skuldbindingar:
- Jafnlaunasamþykkt ILO.
- Jafnréttistilskipun ESB.
- Ríkur vilji til að stuðla að launajafnrétti með faglegum vinnubrögðum við launasetningu með áherslu á jafnræði og samræmda nálgun þvert á kjarasamninga.

Uppbygging SAMSTARFS

- Það eru 4 megin þættir og 13 undirþættir í kerfinu.
- Hverjum þætti er skipt niður í fimm til átta þrep.
 - Alls eru 77 þrep í kerfinu.
- Þrepin eru notuð til að aðgreina mismunandi kröfur í starfi, í hverjum þætti fyrir sig.
- Hver þáttur og þrep gefur tiltekinn stigafjölda.
- Heildarstigafjöldi úr starfsmati eru samanlögð stig allra þátta.
 - Heildarstigafjöldi gefur launaflokk með tengireglu við launatöflu.

Starfsmatskerfið SAMSTARF

Þekking og reynsla (4)

Þekking og reynsla 16,3%
Hugræn færni 7,8%
Samskipta- og tjáskiptafærni 7,8%
Líkamleg færni 6,5%

Ábyrgð (4)

á velferð fólks 7,8%
á stjórnun 7,8%
á fjármálum 7,8%
á eignum og upplýsingum 7,8%

Álag (4)

Frumkvæði og sjálfstæði 10,4%
Líkamlegt álag 5%
Hugrænar kröfur 5%
Tilfinningalegt álag 5%

Vinnuaðstæður (1)


Vinnuaðstæður 5%

Þekking og reynsla
38.4%

Álag
25.4%

Vinnuaðstæður
5%

Ábyrgð
31.2%



Samstarf um launajafnrétti

- Samstarf við innleiðingu á starfsmatskerfinu.
 - Rekstur kerfisins aðgreindur og mismunandi aðferðafræði beitt.
- SAMSTARF til framtíðar 2010.
- Endurskoðun starfsmatskerfis 2014.
- Verkefnastofa starfsmats stofnuð árið 2014.
 - Verklag samræmt að mestu.
- Jafnlaunastofa 2022
 - Viðtækari nálgun í jafnlaunamálum.

Árangur

Kynbundin skipting vinnumarkaðarins í störf og atvinnugreinar skýrir að miklu leyti þann launamun sem enn er til staðar en áhrif menntunarstigs og lýðfræðilegra þátta á launamun hafa minnkað, einkum seinni árin“. (Hagstofan 2021)

	2019		2021
	Óleiðréttur	Leiðréttur	Óleiðréttur
Allir	13,9%	4,3%	10,2%
Almenni markaðurinn	14,8%	5,4%	13,9%
Ríkið	14,0%	4,3%	10,0%
Sveitarfélög	7,4%	3,1%	6,1%

Starfsmat metur ólík störf í mismunandi starfsstéttum út frá sömu viðmiðum og dregur þannig úr launamun vegna kynbundinnar skiptingar vinnumarkaðarins.